

**Ed.**

**631. Frumvarp til laga**

[205. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Nd., 8. maí.)

**1. gr.**

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100.00 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250.00 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 24 17. marz 1954 og lög nr. 43 29. marz 1961.